

Alþingi
Erindi nr. P 128/1732
komudagur 26.3.2003

L Á N S T R A U S T H F.

Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík 24. mars 2003


Umsögn um frumvarp til innheimtulaga, 209. mál

Beðist er velvirðingar á þeim drætti sem orðið hefur á umsögn þessari. Undirritaður var erlendis og gat því ekki svarað erindi yðar fyrr en að liðnum þeim fresti sem tilgreindur var í erindinu, 10. mars 2003.

Þrátt fyrir að nefndur frestur sé nú löngu liðinn og þing rofið, vildi undirritaður samt koma skoðun sinni á framfæri. Hún er sú að frumvarp þetta yrði mjög til bóta hvað varðar réttarstöðu skuldara. Helst mætti yfir því kvarta, að frumvarpið gangi ekki lengra og taki til innheimtu allra krafna.

Afstaða er ekki tekin til þess, hvort með 12. gr. frv. sé gengið of langt í framsali valds til framkvæmdavaldsins. Er e.t.v. rétt að tefla ekki í tvísýnu, en setja í frv. nákvæmari leiðbeiningarreglur varðandi hvernig ákvarða skuli hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar.

Virðingarfyllst,
f.h. Lánstrausts hf.,



Reynir Grétarsson, frkv.stjr.